

## **172. þingflokksfundur, miðvikudaginn 17. ágúst 2016 kl. 13.**

Fundinn sitja: Ásta, Birgitta, Helgi Hrafn og Guðjón.

Berglind ritar fundargerð

### **1. Fundargerð**

Fundargerð 171. þingflokksfundar var samþykkt.

### **2. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

### **3. Óundirbúnað/störf þingsins**

Helgi Hrafn og Birgitta taka til máls undir liðnum störf þingsins í dag.

### **4. Bréf úr nefndum**

Ásta greindi frá fundi fjárlaganefndar þar sem fjallað var m.a. um fjármálaráð. Helgi Hrafn gerði grein fyrir stöðu mála í allsherjar- og menntamálanefnd þar sem til umræðu var framkvæmdaáætlun í málefndum innflytjenda og framkvæmdaráætlun í jafnréttismálum.

### **5. Fæðingarorlof**

Birgitta greindi frá erindi varðandi drög að frumvarpi um fæðingarorlof.

### **6. Efling tölvubrotadeildar**

Þingflokkurinn ræddi áform innanríkisráðherra, sem kynnt voru í gær, um eflingu tölvubrotadeildar lögreglunnar og að brotum gegn réttihöfum höfundarréttarvarins efnis njóti forgangs. Helgi hyggst leggja fram fyrirspurn til munnlegs svars um málið.

### **7. Þátttaka í könnun**

Guðjón greindi frá beiðnu um þátttöku í könnun. Málið verður skoðað frekar áður en ákvörðun er tekin.

### **8. Fyrirspurn vegna þingsályktunartillögu um uppsögn samkomulags við þjóðkirkjuna um kirkjujarðir**

Berglind svarar erindinu.

### **9. Önnur mál**

Birgitta greindi frá boði á kynningu á frumvarpi til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.05